


Forsætisnefnd

Samþykkt fyrir kjaranefnd

28. apríl sl. birtist í Stjórnartíðindum breyting á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 sem samþykkt var á vettvangi borgarstjórnar og varðaði kjaranefnd Reykjavíkurborgar.

Með breytingunni verður kjaranefnd ein af fastanefndum Reykjavíkurborgar og fer með fullnaðarafgreiðsluheimildir samkvæmt viðauka 1.2.

Lögð er nú fram tillaga að samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkur. Óskað er eftir því að forsætisnefnd vísi henni til staðfestingar borgarstjórnar.



Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Tillaga að samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkur.

Samþykkt fyrir kjaranefnd Reykjavíkur

Umboð

1. gr.

Kjaranefnd starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og í samræmi við samþykkt borgarráðs um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkur frá 28. október 2021.

Verksvið

2. gr.

Kjaranefnd skal móta stefnu um launa og kjaramál, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess í samræmi við hlutverk nefndarinnar skv. réttindum og skyldum stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkur. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Verkefni

3. gr.

Kjaranefnd fer með verkefni sem lúta að launum og starfskjörum stjórnenda Reykjavíkurborgar sem heyra undir hana samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkur frá 28. október 2021.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur kjaranefnd m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

1. Kjaranefnd, ákvarðar laun og önnur starfskjör stjórnenda Reykjavíkurborgar sem heyra beint undir borgarstjóra og formanns samninganefndar Reykjavíkurborgar.
2. Kjaranefnd, ákvarðar einnig laun og önnur starfskjör stjórnenda sem falla undir bráðabirgðaákvæði með reglum um réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir borgarstjóra Reykjavíkur frá 28. október 2021.
3. Kjaranefnd skal endurskoða laun einu sinni á ári.
4. Kjaranefnd setur sér verklagsreglur sem lagðar eru fyrir borgarráð til staðfestingar.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir nefndina ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Kjaranefnd skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann en nefndin kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður kjaranefndar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í nefndinni, eftirlit með framkvæmd ákvarðana hennar. Kjaranefnd er vistuð hjá mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar og ber sviðsstjóri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Kjaranefnd heldur að jafnaði einn fund í mánuði. Formaður nefndarinnar getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk nefndarmanns um fund í nefndinni ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum nefndarinnar. Á dagskrá skulu tekin mál sem nefndinni hafa borist, enda séu þau á verksviði nefndarinnar. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá skal fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

Nefndin getur boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstaka fundarmönnum. Nefndin skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða nefndarinnar fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar .

Málsmeðferð

9. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðunar skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna. Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju.

Um hæfi nefndarmanna og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi.

Samþykkt í borgarstjórn

XXX